

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvid@althingi.is

Kópavogur, 12. mars 2018

Efni: Réttur til íslensks ríkisfang þegar annað foreldri er með íslenskt ríkisfang.

Hinn 6. mars sl. óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir að Útlendingastofnun legði fram minnisblað um hvernig væri hægt að einfalda reglur um veitingu íslensks ríkisfangs til þeirra sem áttu íslenska foreldra við fæðingu.

Að mati Útlendingastofnunar myndi ferlið einfaldast ef tekin væri afstaða til þess í lögum um íslenskan ríkisborgararétt að núgildandi lög eigi að gilda um alla, jafnframt þá sem fæddust fyrir gildistöku fyrirhugaðra breytinga. Mun einfaldara yrði að ákvarða, bæði fyrir umsækjanda sjálfan og Útlendingastofnun, hvort umsækjandi átti rétt á íslenskum ríkisborgararétti við fæðingu. Stofnunin hefur hins vegar ekki haft tæk á að fara ítarlega yfir um reglur um afturvirkni laga og hvernig slík breyting myndi horfa við þeim reglum.

Hvaða lög gilda?

Þau lög sem voru í gildi við fæðingu einstaklingsins skera úr um hvort hann eigi eða hafi átt rétt á íslenskum ríkisborgararétti frá fæðingu. Þar sem lögum um íslenskan ríkisborgararétt hefur verið breytt nokkrum sinnum gilda mismunandi reglur um það hvort einstaklingur hefur átt rétt á ríkisborgararétti við fæðingu. Sett hafa verið bráðabirgðaákvæði, sjá t.d. ákvæði í gildandi lögum og ákvæði um lagaskil, t.d. 16. gr. gildandi laga, sem leiða til þessarar stöðu. Eins og sjá má af eftirfarandi upptalningu eru reglurnar ekki einfaldar og getur verið erfiðleikum bundið fyrir umsækjendur að átta sig á því hvaða reglur gilda um hann sjálfan.

Reglur um ríkisborgararétt við fæðingu eru eftirfarandi:

Barn öðlast íslenskan ríkisborgararétt ef það átti við fæðingu **móður með íslenskt ríkisfang** og erlendan föður:

- og fæðist hér á landi eða erlendis,
 - og móðir er gift erlendum manni við fæðingu barnsins,
 - og fæðist eftir 1. júlí 1982 þá öðlast barnið sjálfkrafa íslenskan ríkisborgarétt. Eldri einstaklingar gera það ekki.¹
 - og móðir er ógift við fæðingu barnsins.
 - þá öðlast barnið sjálfkrafa íslenskan ríkisborgarétt.

Ef barn átti við fæðingu **föður með íslenskt ríkisfang** og erlenda móður

¹ Ef viðkomandi fæddist fyrir 1. júlí 1964 þarf viðkomandi að leggja inn almenna umsókn um ríkisborgararétt vilji hann fá íslenskt ríkisfang. Ef viðkomandi fæddist eftir 1. júlí 1964 en fyrir 1. júlí 1982 getur viðkomandi sótt um leiðréttingu að því gefnu að önnur skilyrði séu uppfyllt.



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

- og fæðist hér á landi,
 - og faðir er giftur erlendri konu við fæðingu barnsins
 - þá öðlast barnið sjálfkrafa íslenskt ríkisfang eftir að feðrun hefur átt sér stað.
 - og faðir er ógiftur við fæðingu barnsins og þau enn ógift,
 - þá öðlast börn fædd 1. október 1998 eða síðar sjálfkrafa íslenskt ríkisfang þegar feðrun hefur átt sér stað. Eldri einstaklingar gera það ekki.²
 - og faðir er ógiftur við fæðingu barnsins en stofnar síðar til hjúskapar með erlendri móður barnsins
 - þá öðlast barn sjálfkrafa íslenskt ríkisfang frá og með hjúskapardegri foreldranna, þó að því tilskildu að einstaklingur hafi ekki náð 18 ára aldri og sé enn ógiftur
- og fæðist erlendis,
 - og faðir er giftur erlendri konu við fæðingu barnsins,
 - þá öðlast barnið sjálfkrafa íslenskt ríkisfang eftir að feðrun hefur átt sér stað.
 - og faðir er ógiftur við fæðingu barnsins og þau enn ógift,
 - þá öðlast barnið ekki sjálfkrafa íslenskt ríkisfang.³
 - og faðir er ógiftur við fæðingu barnsins en stofnar síðar til hjúskapar með erlendri móður barnsins,
 - þá öðlast barnið sjálfkrafa íslenskt ríkisfang frá og með hjúskapardegri foreldranna ef það er fætt fyrir 1. október 1998 eða eftir 17. apríl 2007, þó að því tilskildu að einstaklingur hafi ekki náð 18 ára aldri og sé enn ógiftur. Ef barnið fæðist innan fyrrnefndra tímamarka öðlast barnið ekki sjálfkrafa íslenskan ríkisborgararétt.⁴

Álitaefni sem hafa þarf í huga við mögulegar lagabreytingar

Útlendingastofnun bendir á að ýmis álitaefni geta komið upp í tengslum við lagabreytingar sem þessar. Stofnuninni er ekki kunnugt um hvers vegna sú ákvörðun var tekin að setja lagaákvæði líkt og 16. gr. og bráðabirgðaákvæði núgildandi laga í stað þess að gildandi lög nái yfir alla sem sækja um ríkisborgararétt á grundvelli þeirra, óháð því hvaða lög giltu þegar viðkomandi umsækjandi fæddist. Slíkra upplýsinga væri helst að leita hjá dómsmálaráðuneyti.

Verði ákvörðun tekin um afturvirkni nýrra laga myndi þurfa að svara þeirri spurningu hvað verður um þá einstaklinga sem hafa misst íslenskt ríkisfang á grundvelli núgildandi laga, munu

² Ef viðkomandi vill öðlast íslenskt ríkisfang getur hann lagt inn umsókn þess efnis á grundvelli þess að vera barn Íslendinga.

³ Ef viðkomandi vill öðlast íslenskt ríkisfang getur viðkomandi gert eftirfarandi. Ef viðkomandi er fæddur 1. október 1998 eða síðar getur hann lagt fram tilkynningu um barn fætt erlendis. Ef viðkomandi fæddist fyrir 1. október 1998 þarf að sækja um á grundvelli þess að vera barn Íslendinga

⁴ Viðkomandi gæti lagt fram tilkynningu um barn fætt erlendis vilji viðkomandi öðlast íslenskt ríkisfang.



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Þeir einstaklingar geta fengið ríkisfang að nýju? Öðlast þeir einstaklingar hugsanlega sjálfkrafa íslenskt ríkisfang? ⁵

Þá ber einnig að hafa í huga að skoða þarf samspil hugsanlegrar afturvirkni og 12. gr. gildandi laga. Samkvæmt ákvæðinu geta íslenskir ríkisborgarar sem fæddir eru erlendis og aldrei hafa átt lögheimili á Íslandi né hafa búið eða dvalið hér á landi, misst ríkisfangið við 22 ára aldur, ef ekki hafa verið samskipti við landið sem talin eru nægja til að halda íslenska ríkisfanginu.

Verði gerðar afturvirkar breytingar á lögum um ríkisborgararétt bendir Útlendingastofnun á að við allar breytingar verði að gæta jafnræðis og annarra málefnalegra sjónarmiða. Enn fremur ber að hafa í huga að afturvirkar breytingar, þó ívilnandi séu, þurfa að vera sérstaklega vel ígrundaðar.

Kópavogur, 12. mars 2018
F.h. Útlendingastofnunar,


Friða Breiðfjörð Arnardóttir




Sigurbjörg Rut Hoffritz

⁵ Einstaklingar geta hafa misst íslenskt ríkisfang sitt af því þeir, fyrir 1. júlí 2003, öðluðust annað erlent ríkisfang og sóttu ekki um að endurheimta hið íslenska ríkisfang fyrir 1. júlí 2016, sbr. bráðabirgðaákvæði laga um ríkisborgararétt. Einstaklingar gætu líka hafa, fyrir 1. júlí 2003, misst íslenskt ríkisfang sitt samhliða foreldri þegar þau öðluðust erlent ríkisfang.

